

# Aðalfundur Ský 2013

Aðalfundur 28. febrúar 2013.  
Haldinn á Engjateigi 9, kjallara.

Fundarstjóri settur Hjörtur Grétarsson

## 1 Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar

## 2 Skýrslur nefnda og starfshópa

Sigrún Helgadóttir - Orðanefnd. Flutti yfirlit yfir starfsemina  
Tölvuorðasafn gefið út 4 sinnum. Núna stafrænt og verður ekki gefið út á bók  
Las bréf til stjórnar Ský þar sem hún færir Ský vefsetur orðanefndar og  
tilkynnti að starfandi orðanefnd hefði hætt störfum.

Ásrún Matthíasdóttir - Ritnefnd. Flutti yfirlit frá ritstjóra.  
Mikil ásókn í eina prentaða tölublað Tölvumála á árinu, minni ásókn í að  
auglýsa í þessu blaði.

Enginn frá Siðanefnd - sem hefur ekki starfað á árinu.

Þorvarður Kári Ólafsson - Vinnunefnd um heiðursfélaga  
Kynnti vinnu nefndar sem fór yfir nýjar reglur um tilnefningu heiðursfélaga.  
Tillaga veður kynnt betur síðar í dagskrá í tengslum við lagabreytingar

Faghópar:

Þorsteinn Hallgrímsson - Öldungadeild. Kynnti starfsemi ársins  
Snerist helst um varðveislu gamals tölvubúnaðar og sögu skýrslutækni á  
Íslandi.

Guðjón Vilhjálmsson - Fókus. Ekki mættur, skýrsla á vefnum.

Hörður Helgi Helgason - Öryggishópur. Fór yfir starfsemi ársins.  
Eiga eftir að gera lagabreytinga í sínum hópi til að samræma sitt starfsár  
starfsári Ský.

Guðmundur Daníelsson - Fjarskiptahópur. Fór yfir skýrslu stjórnar.  
Þeirra aðalfundur verður hér eftir á sama tíma og aðalfundur Ský.  
Halla Björg Baldursdóttir - Rafræn opinber þjónusta. Las skýrslu faghóps um  
Rafræna opinbera þjónustu.

Sigurður Egill Guttormsson - Hugbúnaðargerð. Fór yfir starfsemi hópsins. Hlutverk hópsins er að vekja áhuga þeirra sem hafa áhuga á hugbúnaðargerð.

Sigurjón Ólafsson - Vefstjórnun. Fór yfir starfsemi hópsins. Hópurinn var endurvakinn á árinu 2012.

Gísli Sverrisson - Rekstur tölvukerfa. Fór yfir starfsemi hópsins.

### **3. Reikningar félagsins**

Guðjón Karl Arnarson kynnti reikninga félagsins og áætlun fyrir starfsárið 2013. Reikningar félagsins samþykktir samhljóða án athugasemda.

### **4. Lagabreytingar**

Þorvarður Kári Ólafsson kynnti einu lagabreytingatillöguna sem lögð var fyrir fundinn. Varðar hún dagskrá aðalfundar Ský:

- a) Liður 2 í dagskrá verði tilnefning heiðursfélaga
- b) Liður 8 í dagskrá verði skýrslur og kjör nefnda og faghópa.

Breytingartillaga flutt af Arnlaugi Guðmundssyni

- a) Skýrslur nefnda og faghópa verði liður 2 á dagskrá aðalfundar
- b) Tilnefning heiðursfélaga sé liður 3 í dagskrá aðalfundar
- c) Kjör nefnda og faghópa komi sem liður 9 á undan liðnum Önnur mál.

Atkvæði greidd um breytingatillögu fyrst. Hún samþykkt með einu mótatkvæði.

### **5. Ákvörðun félagsgjalda**

Guðjón Karl Arnarson lagði til að félagsgjöld væru óbreytt. Tillaga samþykkt.

### **6. Stjórnarkjör:**

Formaður tilkynnti að núverandi stjórn og varamenn byðu sig fram og óskaði eftir mótframboðum í þrjú laus stjórnarsæti og tvö sæti varamanna. Þau voru engin og stjórn og varastjórn því endurkjörin

Í sætum sem ekki voru laus eru:

Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan

Guðmundur Arnar Þórðarson, Nýherja

Endurkjörin:

Hjörtur Grétarsson, Reykjavíkurborg

Sigurður Friðrik Pétursson, Microsoft

Guðjón Karl Arnarson, RB

Varamenn endurkjörnir:

Þorvarður Kári Ólafsson, Þjóðskrá

Ólafur Tr. Þorsteinsson, Íslandspósti

## 7. Kosning skoðunarmanna

Skoðunarmenn endurkjörnir:

Sigurður Bergsveinsson

Sigurjón Pétursson

## 8. Nefndakjör

Ritnefnd Ásrún Matthíasdóttir endurkjörin ritstjóri og stjórn endurkjörin

Faghópur um hugbúnaðargerð. Núverandi stjórn endurkjörin

Faghópur um rekstur tölvukerfa. Stjórn endurkjörin

Faghópur um verkefnastjórnun. Stjórn endurkjörin

Faghópur um opinbera þjónustu. Núverandi stjórn endurkjörin og einum stjórnarmanni bætt við.

## 9. Önnur mál

- a) Félagsmaður heiðraður
  - Formaður heiðraði Önnu Kristjánsdóttur. 1984 sagðist hún ætla með tölvu framtíðarinnar upp í rúm og var sögð vera á undan framtíðinni.
- b) Stofnun nýs faghóps um menntun, fræðslu og fræðistörf
  - Sigrún Gunnarsdóttir - formaður kynnti markmið þessa nýja faghóps.
  - Lögum hópsins dreift á fundinum og þau samþykkt
    - Breytingatillaga um að stjórn hópsins væri að lágmarki 5 í stað 5-7 eins og í lagadrögum stendur samþykkt
    - Breytingartillaga um að stjórn útnefni formann í stað að hún útnefni formann og 4 meðstjórnendur samþykkt.
  - Fyrsta stjórn kjörin. Í hana voru kosin:
    - Hallgrímur Arnalds
    - Guðmundur Pálmason
    - Ólafur Sólimann
    - Elín Granz
    - Ása Björk Stefánsóttir
    - Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir
    - Anna Kristjánsdóttir
    - Sigrún Gunnarsdóttir
    - Rákel Sölvadóttir

1. c) Fleiri mál voru engin.

Fundi slítið kl. 18:10